

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar, nr. 611/2013.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. samþykktarinnar:

- a. *Umhverfis- og skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með skipulags- og byggingarmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og byggingarreglugerð nr. 112/2012, með umferðarmál samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019 og með veitumál samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um vatns- og hitaveitur. Loks fer nefndin með umhverfis- og náttúruverndarmál samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.

Umhverfis- og skipulagsnefnd er heimilt að samþykkja deiliskipulagstillögur sem fá ekki athugasemdir á auglýsingátíma og umsagnir lögbundinna umsagnaraðila séu ekki þess eðlis að breyta þurfi deiliskipulagstillögu eftir auglýsingu skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umhverfis- og skipulagsnefnd er heimilt að samþykkja grenndarkynningar þar sem deiliskipulag er fyrir hendi, sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfis- og skipulagsnefnd er heimilt að ákveða nafngiftir á hverfum, götum og torgum. Umhverfis- og skipulagsnefnd skal taka fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmdar í C flokki skv. 1. viðauka við lög nr. 106/2000, þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaðili, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

- b. *Velferðarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með jafnréttismál samkvæmt lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008, málefni samkvæmt áfengislögum nr. 75/1998 og málefni aldraðra samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Nefndin fer með húsnæðismál samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og húsaleigumál samkvæmt húsaleigulögum nr. 36/1994. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.

Við B-hluta 47. gr. samþykktarinnar bætist 12. töluliður sem verður svohljóðandi:

12. *Öldungaráð*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skipaðir af bæjarstjórn. Jafnframt sitja í nefndinni 2 aðalmenn og jafnmargir til vara skipaðir af félagi eldri borgara í Snæfellsbæ. Fulltrúi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga situr fundi ráðsins og er starfsmaður þess. Nefndin er bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni og hagsmuni er varða íbúa sveitarfélagsins 67 ára og eldri á grundvelli 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. Nefndin fjallar um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun í öldrunarmálum ásamt því að stuðla að upplýsingagjöf.

#### 2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist og öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 4. mars 2020.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Stefanía Traustadóttir.*